

Ályktun frá þingflokki Kvinnalistsans.

Þingflokkur Kvinnalistsans mótmælir því að leyfðar skuli heræfingar hér á landi. Á meðan stórveldin semja um samdrátt í herafli og ná nýjum áföngum í takmörkun á fjölda kjarnorkuvopna, skýtur skökku við að Íslendingar skuli þurfa að horfa upp á hernaðarmaskínu NATO smurða á okkar friðsama landi. Heræfingar með öllum þeim viðbúnaði sem þeim fylgir eru í hrópandi andstöðu við þann friðaranda sem nú einkennir samskipti þeirra ríkja sem í hálfu öld stóðu andspænis hvert öðru grá fyrir járnum.

Við Íslendingar erum blessunarlega lausir við herskyldu og almennan vopnaburð og við öllum syni okkar ekki upp til að verða hermenn, hvað þá að við hvetjum dætur okkar til að rækta hugarfar hermennskunnar. Með reglulegum heræfingum hér á landi er verið að venja fólk við hertól og vopnaskak sem er fullkomin andstæða við þær friðsamlegu aðferðir sem Íslendingar hafa löngum beitt í samskiptum við aðrar þjóðir og vilja viðhalda. Þingflokkur Kvinnalistsans telur affarasælast að Íslendingar efli ímynd sína sem friðelskandi þjóð og beiti sér hvarvetna í þágu friðar og afvopnunar. Kvinnalistinn vill að sett verði bann við heræfingum í landi okkar.

Reykjavík 18. júlí 1991

f.h. Þingflokks Kvinnalistsans

*Þúsdís Ásteyriadóttir*

ALYKTUN FRA KVENNALISTANUM

23. ágúst 1989.

Kvennalistinn lýsir undrun sinni og áhyggjum yfir því að æ ofan í æ berast fréttir af áætlunum um langdvöl bandarísks herliðs á Íslandi.

Samningur hefur verið gerður við bandarísk stjórnvöld til að minnsta kosti fimmtán ára um vatnsafnot hersins á Suðurnesjum, heimilaðar hafa verið nýbyggingar íbúða fyrir herinn, Póst- og símamálastjórn hefur gert samkomulag um uppbyggingu og afnot hersins af ljósleiðarakerfi Pósts og síma og þannig mætti áfram telja.

Á sama tíma berast fregnir um slæma umgengni hersins innan hernaðarsvæðis og utan, mengun, gróðurskemmdir, skothylki á viðavangi og deilur eru um afnot hersins af landi.

Kvennalistinn vill minna á að varnarsamingurinn milli Íslands og Bandaríkjanna er uppsegjanlegur með aðeins átján mánaða fyrirvara.

Á tímum þíðu í alþjóðastjórnsmálum og vilja til að draga úr vígvæðingu, væri þeim, er trúað hefur verið fyrir stjórn landsins, nær að endurskoða afstöðuna til veru hers á Íslandi í stað þess að gera Íslendinga sífellt háðari hernum efnahagslega.

Kvennalistinn.